

**Leikskólinn Fífusalur**

**Salavegi 4**

**Kópavogur**



# **Aukið samstarf og samskipti milli skólastiga - Sumarskóli -**

**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2013**

**Nafn skóla:** Leikskólinn Fífusalir

**Nafn verkefnis:** Aukið samstarf og samskipti milli skólastiga – Sumarskóli

**Verkefnisstjóri:** Erla Stefanía Magnúsdóttir

**Samningur númer:** 183.2012-2013

**Verkefni unnið á almanaksárinu 2013**

### **Markmið verkefnis:**

Að elstu börn leikskólans aðlagist umhverfi grunnskólans (Salaskóla) áður en formlegt skólastarf hefst.

Húsnæðið sem ætlað er undir dægradvöl, og ætti að vera lokað yfir sumartímann, verður nýtt undir þetta verkefni. Þannig er húsnæði grunnskólans og leikskólans betur nýtt. Álag vegna aðlögunar nýrra barna minnkar, og getur leikskólastarf hafist að fullu þann 1. september þar sem aðlögun verður með öllu lokið. Að veita börnunum öryggi og traust í nýju umhverfi þannig að þau geti tekist á við námið sitt að hausti í grunnskólanum og liðið vel. Börnin þurfa ekki að upplifa það að mæta aftur í leikskólann eftir sumarfrí (sem hefur farið illa í mörg börn) heldur mæta þau á þann stað sem þau voru á fyrir sumarfrí.

### **Leiðir að markmiði:**

Þann 11. júní 2012 fóru 27 börn og 4 kennarar úr leikskólanum Fífusölum yfir í dægradvöl Salaskóla og dvöldu þar í 3 vikur áður en þau fóru í sumarleyfi í 4 vikur. Öll börnin komu aftur eftir sumarleyfið. Það er ákveðin ögrun fyrir börn að fara úr leikskóla í grunnskóla og því var það kostur þegar skólinn byrjaði í haust hvað þau voru orðin örugg í skólaumhverfinu. Flest börn eru í dægradvölinni eftir skóla á daginn og þau börn sem höfðu verið í sumarskólanum þar voru á allan hátt mun öruggari og þekktu vel til, heldur en þau sem voru að koma þangað í fyrsta skipti.

### **Frávik frá áætlun:**

Það urðu engin frávik miðað við upphaflega áætlun verkefnis.

### **Ávinningur:**

Helsti ávinningur var hvað foreldrar voru ánægðir með þetta framtak. Börnin voru ánægð með að vera ekki lengur í leikskóla heldur vera komin í skóla. Foreldrarnir töluðu um hvað börnin væru mun betur í stakk búin að byrja í skólanum eftir að hafa verið sumarlangt í skólaumhverfinu. Þau höfðu lært að rata heim til sín og gátu farið ein á milli staða.

**Mat á verkefninu:**

Verkefnið gekk mjög vel og það er ljóst að það er mikill áhugi á að halda áfram þessu samstarfi á milli leikskóla og grunnskóla. Foreldrar, börn og starfsfólk leikskólans voru ánægð með hvernig gekk og sú umræða kom upp hjá foreldrum að þetta væri þarft verkefni sem væri komið til að vera.

**Niðurstöður verkefnisins:**

Við teljum að markmiðum hafi verið náð og hafa niðurstöður úr könnunum sem voru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra sýnt fram á að allir hafi upplifað verkefnið sem árangursríkt og vel heppnað. Verkefnið mun halda áfram innan skólans og hefur annar leikskóli í hverfinu bæst við, þannig að tveir leikskólar verða í sumarskólanum frá og með 12. júní 2013.

Kópavogur, 7. maí 2013

*Erla Stefanía Magnúsdóttir*